

Viðmiðunarreglur fyrir frístund í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Samþykktar á fundi skólanefndar 4. maí 2009

- Frístund er tilboð sem er hluti af skólastarfinu og fylgir heildarstefnu viðkomandi skóla.
- Starfstími frístundar miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni.
- Frístund er fyrir börn í 1.-4. bekk.
- Frístund er staðsett í húsnæði skólans og tekur aðstaðan mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram. Gert er ráð fyrir að heimasvæði frístundar megi nýta fyrir aðra starfsemi þegar hún er ekki starfandi.
- Börn í frístund eiga kost á máltíðum í hádegi og síðdegishressingu. Máltíðir verði með sama sniði allsstaðar og samræmt verð. Verð skal standa undir kostnaði.
- Daglegur opnunartími er frá því kennslu yngstu barnanna lýkur á daginn til kl. 16.15.
- Í vetrar-, jóla- og páskafríi eru frístundir opnar allan daginn virka daga.
- Á hverju skólaári er frístund lokað sem svarar þremur dögum vegna samstarfsfunda.
- Á flestum starfsdögum kennara og þá daga sem foreldraviðtöl fara fram eru frístundir opnar allan daginn fyrir börn sem skráð eru í vistun. Þá eru þær einnig opnar fyrir önnur börn á vistunardri þann tíma sem þau hefðu átt að vera í kennslu og er þá greitt fyrir hvern klukkutíma. Þetta er háð því að þau hafi verið skráð í slíka vistun með minnst viku fyrirvara.
- Þá daga sem kennsla er felld niður af óviðráðanlegum orsökum er frístund opin á venjulegum tíma.
- Forskráning fer fram á vorin um leið og innritun í skóla.
- Staðfest skráning gildir út allt skólaárið. Felur hún í sér tímann sem barnið er í frístund á hverjum degi, sem foreldri greiðir fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á skráningu er 1 mánuður
- Miðað er við að hver starfsmaður sjái um 18 börn og er þá miðað við samanlagðan viðverutíma barnanna en ekki einstaka álagstíma innan dagsins.
- Við lágmarksstarfsemi í frístund þarf að jafnaði 2 starfsmenn.
- Öll þau börn sem skráð eru á vorin fá inni í frístund.
- Miðað er við vorskráningu þegar starfsfólk er ráðið.
- Tekið er mið af stærð aðstöðu frístundar og fjölda starfsmanna á hverjum stað þegar fjöldi barna er takmarkaður.
- Forstöðumenn sjá alfarið um skráningu tíma.
- Forstöðumaður starfar við hverja frístund og skal miðað við að stöðuhlutfall sé 50% þar sem eru allt að 30 börn, 60% þar sem börnin eru allt að 60 og 70% ef börnin eru fleiri en 60. Starf forstöðumanns er skilgreint í starfslýsingu.
- Æskilegt er að í hverri frístund starfi minnst einn uppeldismenntaður starfsmaður auk forstöðumanns.
- Frístund og starfsmenn heyra alfarið undir forræði skólastjóra.
- Samfella skal vera í þjónustu vegna barna með sérþarfir þannig að áframhald verði á þeirri þjónustu sem barn fékk t.d. í leikskóla.
- Samfella skal vera í ráðgjöf og stuðningi þannig að stuðningur fylgir barni í frístund líkt og í kennslustundum. Sækja skal um fjárveitingu vegna þessarar þjónustu að vori.